


DEILISKRÁNING Í LANDI KÓNGSSTAÐA, SKÍÐADAL: DEILISKRÁNING VEGNA FRÍSTUNDABYGGÐAR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2020
FS814-20311





Ljósmynd á forsíðu er tekin með dróna. Á henni er horft austur yfir hluta af deiliskípulagsreit og á henni sjást sumarbústaðirnir Birkiblíð (neðst á mynd), Birkimelur í miðju og Birkilundur lengst til hægri. Milli Birkiblíðar og Birkimels má sjá hluta af garðlagi EY-154:010 og frambald þess sést svo vel frá bústaðnum Birkimel og til suðausturs.

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2020
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	6
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI	11
6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITS.....	22

Viðauki

Hnit á ISN93 formati

Mínjakort

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornminja innan marka 14 ha deiliskipulagsreits í landi Kónsstaða í Skíðadal í Dalvíkurbyggð. Jörðin Kónsstaðir fór í eyði árið 1949 en þar hefur verið nokkur skógrækt frá því um miðja 20. öld og nokkur sumarhús risið nærri norðurmörkum jarðarinnar, við Þverá. Fornleifaskráningin var unnin í september 2020 að beiðni landeiganda sem ráðgera frekari uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu. Innan marka deiliskipulags voru skráðar fimm fornleifar (einingar) á 3 minjastöðum. Einn staðanna sem er nærri suðurmörkum úttektarsvæðis er þó talinn of ungur til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilgreiningu (EY-154:054) en hann tengist líklega vega- og girðingagerð í tengslum við elstu skógrækt á svæðinu um og uppúr 1942. Aðrar minjar voru allra nýrst á svæðinu, þar sem annars vegar var skráður vallargarður og tóft eða gerði sambyggt honum (EY-154:010) og hins vegar stök tóft (EY-154:027). Vallargarðurinn hefur markað af heimatún býlisins Þverárkots sem fór í eyði í lok 17. aldar en tóftin virðist yngri og er hugsalega ummerki um nýtingu svæðisins frá Kónsstöðum á 18.-20. öld. Bygging sumarbústaða á svæðinu hefur skorið vallargarðinn í sundur á fleiri en einum stað og frekari uppbyggingaráform eru að hluta innan heimatúns Þverárkots. Þótt engin yfirborðsummerki séu nú merkjanleg um sjálft býlið er mikilvægt að við frekari uppbyggingu á svæðinu sé tekið tillit til þeirra minja sem eru þekktar innan þess.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, sumarhúsabyggð, fornbylí, Kónsstaðir, Dalvíkurbyggð

Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out within a 14 ha plot belonging to the property of Kónsstaðir, Skíðadalur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjörður. The surveying was done on behalf of the landowners that plan on adding to the existing three summer houses already in the area. The farm of Kónsstaðir was abandoned in 1949. Since then there has been minor forestry within a part of the farm land and three summerhouses were built close to the northern boundary of the property. Within the surveyed area five archaeological sites were found on three locations. One of the sites (EY-154:026) is not protected by the Icelandic Heritage law as it is less than a hundred years old (and most likely connected to the first stages of forestry in the area beginning in 1942). The other two sites are within the area of summer houses already in place. One is a boundary wall and a small structure up against it belonging to the farm of Þverárkot, abandoned at the end of the 17th century. The third site is a simple ruin in the same area that could be from a younger period and might be a simple structure (sheep house?) from the time Kónsstaðir used the area for grazing. The construction work that has already taken place within the area has damaged some of the farm boundary. It is important that any further planning and construction work in the area respects the cultural landscape and full measurements will be taken to protect the remaining archaeology.

Keywords

Archaeology, detailed survey, summer house development, boundaries, abandoned farm, Kónsstaðir, Dalvíkurbyggð


1. Inngangur

Sumarið 2020 höfðu starfsmenn Eflu samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fóru þess á leit fyrir hönd landeigenda norðurhluta Kónsstaða í Skíðadal, Dalvíkurbyggð, að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan marka deiliskipulagsreits á svæðinu. Úttektarsvæðið nær yfir nyrsta hluta jarðarinnar Kónsstaða (EY-154) frá Þjóðvegi og upp í hlíð og er samtals tæplega 14 ha stórt. Jörðin Kónsstaðir fór í eyði 1949 en nokkru áður hafði skógrækt hafist á hluta svæðisins. Árið 1967 reis fyrsti sumarbústaðurinn á svæðinu, nærri norðurmörkum jarðarinnar við Þverá, og síðar tveir til viðbótar. Deiliskráningin 2020 var gerð í tengslum við hugmyndir um frekari uppbyggingu sumarbústaðalóða á svæðinu. Áður hafði Fornleifastofnun skráð minjar á Kónsstöðum þegar unninn var aðalskráning í Dalvíkurbyggð en að þessu sinni var svæðið deiliskráð, gengið um það kerfisbundið í leit að fornleifum og allar minjar uppmældar.¹

Áður en deiliskráning hófst 2020 var vitað um þrjár minjæningar á svæðinu á tveimur stöðum en kerfisbundnar göngur 2020 um það leiddu í ljós fimm minjæningar á þremur stöðum. Reiturinn var skráður á vettvangi í septemberbyrjun 2020. Við vettvangsskráningu var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp með nákvæmum hætti. Um vettvangsskráningu sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og sem vann einnig skýrslu og tók drónamyndir af svæðinu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni eru upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002.



Úttektarsvæðið merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur á innfellaða Íslandskortinu en mörk deiliskipulagsvæðis eru merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf (á stærra kortinu).

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-154:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits eru allar í landi Kónsstaða (EY-154). Fleiri minjar voru skráðar innan jarðarinnar þegar hún var aðalskráð, utan deiliskipulagsreitsins en upplýsingar um þá staði eru ekki birtar í skýrslunni. Er þetta skýringin á því að númeraröð fornleifa er ekki samfelld heldur vantar inn í númer á minjum sem eru þekktar utan marka deiliskipulagsreits.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu

vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi. Að þessu sögðu er ljóst að hluti ráðgerðra framkvæmda er innan heimatúns gamals býlis og þar er ekki ólíklegt að minjadreifing hafi verið fremur þétt. Á slíkum svæðum má einnig gera ráð fyrir því að áður óþekktar minjar geti komið í ljós á framkvæmdastigi. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johansens Sýslunútko	Númer fornleifar á nitekkni jörð SF 175 009	Sérheiti Sveinshlaða	Tegund tóft	Hlutverk hlaða	Hnattstaða í landsnitakerfi ISN93 E: 528751 N: 352323
--	--	-------------------------	----------------	-------------------	--



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppþæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útiðis í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en höfðið norðvestan við hana. Nokkur hölfmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

10

4. Fornleifaskrá

EY-154 Kónsstaðir

1712 10 hdr. Vallakirkjueign. JÁM X

1318 tilheyra þeir (konugstade) Vallakirkju DI II, 455.

1394 Eignarhald óbreytt DI III, 512

1429 Eignarhald óbreytt sbr. Vístaziugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar, DI IV, 372

1461 Eignarhald óbreytt sbr. Máldaga Ólafs Rögnvaldssonar DI V, 260,

1525 Eignarhald óbreytt í Sigurðarregistri DI IX, 334

Þverárkot var í byggð fram á 17. öld og hafði verið talið lögbýli.

1917 2.6 ha. 9/10 slétt. Garðar 300 m2. Túnakort frá 1917


1949 Kónsstaðir fóru í eyði.

1990 „Túnið umhverfis bæinn er grýtt og óslétt skriðutún en grasgefið og enn nytjað til slægna.“
BE 1990, 250

EY-154:010 *Þverárkot* garðlag býli 517692 590433

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er getið um býli allra nyrst í landi Kónsstaða sem þar er nefnt Þverárkot, líklega vegna þess að það hefur verið fast við ána Þverá: „Þverár kot. Í eyði meir en 20 ár, en bygt þar fyrir so lengi menn til muna og þeirra feður, og haldið fyrir lögbýli. Dýrleikinn meinast að verið hafi viii c. Eigandinn beneficium Vellir í Svarfaðardal. ...Fóðrast kunni, seinast bygt var, I kýrþungi. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af grjótáburði úr Þverá, og sumt uppblásið í hrjóstur, en útslægjur öngvar. Þessa jörð beitir Kónsstaða ábúandi fyrir góðvilja staðarhaldarans en geldur þar öngva muni fyrir,“ segir í jarðabókinni. Svo virðist sem þetta býli hafi ekki byggst aftur (sbr. Olavius) og að jörðin hafi verið sameinuð Kónsstöðum án þess að það yki dýrleik hennar. Í örnefnaskrá segir: „Þverá skiptir löndum og Þverárkot á bakka hennar, eyðibýli, ...“. Þverárkot var við Þverá, að mestu ofan við þjóðveg á þeim slóðum sem nú hafa risið nokkrir sumarþústaðir. Kotið hefur verið 1,3 km norðan við Kónsstaði 001. Líklega var sjálft býlið þar fyrir neðan þar sem nú eru sléttuð tún.

Á þessu slóðum hafa verið byggðir nokkrir sumarþústaðir og stendur til að byggja fleiri. Svæðinu hallar til austurs og um það liggur vegur að þústaðum. Stærstur hluti minjanna hefur líklega horfið í túnasléttun en tvö lítil tún er ofan við þjóðveg og sunnan Þverár. Þarna er einnig nokkur skógrækt sem hefur áhrif á varðveislu minja.



Báitar af vallargarði umbverfis Þverárkot EY-154:010 og tóft sambyggð honum. Gular línur sýna mörk úttektarsvæðis og fyrirbugaðar sumarþústaðalóðir. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Hluti af suðurlíð vallargarðs EY-154:010 sést á drónamynd þar sem hann liggur frá sumarþústað á midri mynd og skáballt niður brekkuna og fyrir melinn sem þar er



Garðbútar 05 og 06 sjást óljóst á myndinni sem bryggur eða lína í landið nokkru ofan við mörk skógar og í átt að Þverá



Garðlag 01 þar sem það liggur upp að sumarbústað). Á mynd til vinstri er horft til austurs yfir tóft 02.

Samkvæmt Árna Óskarssyni, heimildamanni sem rétt var við þegar svæðið var aðalskráð 2001 voru minjar Þverárkots sléttadar í tún um miðbik aldarinnar. Hefur það líklega átt við þær bæjarhúsanna og hugsanlega einhver útihús en við skráningu 2020 fundust talsverðar leifar af vallargarði sem hefur verið umhverfis túnið og gerði sambyggt því á einum stað. Hér verður þeim garðbútum sem fundust innan þess marka deiliskipulags 2020 lýst og fær hver bútur og gerði númer til aðgreiningar. Stærsta og heillegasta garðlagið er fyrst merkjanlegt tæpum 20 m ofan (vestan) við þjóðveg og fær það hér númerið 01. Þar liggur það til VSV í um 30 m en sveigir svo gil norðvesturs og liggur upp brekkuna í um 60 m til viðbótar en hverfur þar undir pall bústaðarins Birkimels. Rétt er að benda

á að ekki var leitað að garðlaginu neðan (austan) þjóðvegur enda er það utan marka þess svæðis sem tekið var út en hugsanlegt er að óljós merki þess séu 30-40 m neðan við veginn. Garðlag 01 er nokkuð greinilegt. Útlit garðsins mótast af gróðri umhverfis, hann er að hluta lyngivaxinn en að hluta en grasi vaxinn og einnig vaxa tré í honum á kafla en skógrækt er í melnum sem hann liggur sunnan í. Í melinn hefur verið gróðursett fjölbreyttur trjágróður s.s. aspir, greni og reynitré og hafa tré jafnvel verið gróðursett í sjálfan garðinn. Á þessum kafla er suðurhlíð garðsins mun skýrari en norðurbrún hans (sem er í melnum) eða allt að 1.4 m á hæð þar sem mest er en að norðan aðeins 0.4 m á kafla. Á þessu svæði er garðurinn allt að 2-3 m á breidd. Upp við garðlag 01 er byggð tóft eða gerði 02 um 35 m ofan eða vestan við veg og 65 m austan við bústaðinn Birkimel. Tóftin gæti hafa verið e.k. rétt eða kvíar og virðist einföld. Hún er um 11.5 X 6 m stór (ef garður er talinn með) og snýr h.u.b. austur-vestur. Innanmál tóftar er 7-8 m x 1.5-2. Tóftin er byggð upp við vallargarðinn 01 að norðan. Aðrir veggir tóftarinnar eru svolítið útfattir að kafla en skýrast er VNV horn. Op er nyrst á vesturgafli hennar. Hugsanlegt er að op hafi verið á langvegg á sunnanverðu en þar er suðurbrún veggjar mjög óskýr. Elfting vex í tóftinni. Veggir eru mest 1.2 m á breidd og 0.3 m á hæð.

Framhald garðlags 01 er að finna ofan við sumarbústaðinn Birkimel og veg að bústöðunum þremur á þessum slóðum, en neðan við bústaðinn Birkihlíð. Garðlag 03 er nú um 15 m langur og 3-4 m á breiður hryggur í brekkunni upp að bústaðnum. Hann er 0.3 m á hæð. Hryggurinn snýr norðvestur-suðaustur og er í beinni stefnu frá garðlagi 01 neðar í brekkunni. Hann hverfur undir bústaðinn Birkihlíð en ofan við bústaðinn má með góðum vilja greina ógreinilegt framhald 04. Garðlag 04 er afar óljós hryggur sem liggur til norðvesturs í gegnum þéttan trjágróður ofan við bústaðinn Birkihlíð. Hægt er að greina hrygginn á 10-12 m kafla (norðvestur-suðaustur) áður en hann hverfur alveg í skógrækt. Norðvestar tekur við skógivaxið svæði þar sem ekki reyndist unnt að greina garðlagið með nokkurri vissu en um 40 m ofar (vestar) má aftur greina hrygg í hlíðinni sem er líklega vesturhlíð vallargarðsins. Þessi hluti garðsins, 05, er um 50 m langur og snýr norður-suður en er mög óljós á kafla og víða allt að 4 m á breidd og 0.6 m á hæð. Aðeins er stutt eyða í hann nyrst áður en hryggurinn heldur áfram, 06, og má rekja hann langleiðina að árgili Þverár eða í um 50 m til viðbótar. Allra næst árgilinu er hins vegar mjög erfitt að rekja hann og það má segja að öll vesturhlíð garðsins sé mjög óljós. Samanlagt má segja að vallargarðarnir og Þverá marki gróflega af svæði sem er um 200 x 200 m stórt. Engin ummerki fundust um tóftir eða þústir innan vallargarðsins (ef frá er talin 027) og ekki sjást skýr merki um hvar líklegast er að slíkar tóftir hafi verið í sléttuðu túninu neðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimil,dir: JÁM X, 78; Ö-Svarf, 291

Tvenns konar mannaverk eru skráð saman undir þessi númeri en bæði eru samkvæmt heimildamönnum of ung til að teljast fornleifar samkvæmt laganna skilningi (100 ára eða eldri). Annars vegar er um að ræða einhvers konar garðhleðslu 01 sem sést á stuttum kafla í hlíðinni milli Kóngsstaða og sumarbústaða við Þverá og hins vegar veg sem er að einhverju leyti upphlaðinn, á



Hleðsla EY-154:026_01 undan girðingu og upphlaðinn vegur EY-154:026_02. Í frambaldi er ruddur vegslóði merktur með rauðri brotalínu. Loftmynd: Loftmyndir efb.

svipuðum slóðum. Upphlaðni vegurinn er 60 m vestan við veginn inn Skíðadal en hleðslan minna en 10 m ofar.



Hleðsla EY-154:026_01 til vintri en vegur EY-154:026_20 til vinstri. Á báðum myndum er horft til suðurs



Hleðsla og vegur EY-154:026, horft til vesturs

Mannvirkin eru mest áberandi í deiglendri lægð á milli tveggja hæða en framhald vegarins má sjá til norðurs, í átt að og samsíða núverandi vegi. Vegurinn liggur neðan við mesta brattann en ofan við þjóðveg á svæði þar sem skiptast á melar og deiglendisblettir í hala til austurs. Á þessum slóðum er talsverð skógrækt, þó að mestu leyti ofan eða vestan við veg.

Undir þessu númeri eru skráð tvö mannvirki, hleðsla eða garðlag 01 og vegur 02 sem bæði gætu tengst skógrækt á þessum slóðum. Áberandi torfhleðsla 01 liggur þvert yfir deiglandan hvamm, norður-suður. Hleðslan er um 25 m á lengd en um 1.7 m á breidd og 1.4 m á hæð. Hún er hæðst syðst en lækkar til norðurs og er þar 0.4-0.5 m á hæð og tæpur 1 m á breidd. Á einum stað er ræsi eða op undir garðinn (og til móts við það er skarð í veginum). Garðlagið er alveg grasigróið og mjög bratt. Hleðslan er á milli tveggja lágra mela/hæða og hugsanlegt er að hún tengist veginum 02, hafi átt að halda vatni í brekkunni frá honum. Snjólaug Aðalsteinsdóttir heimildamaður stakk upp á að hugsanlega hefði hleðslan verið hlaðin undir girðingu skógræktarinnar sem var á sömu slóðum. Það er ekki ósennilegt enda virðist hleðslan ekki mjög gömul. Samkvæmt þessu þá væri hún of ung til að teljast til fornleifa en skógrækt hófst á þessum slóðum árið 1942. Ekki sést framhald af garðlaginu innan þess svæðis sem tekið var út vegna sumarbústaðabyggingar í landi Kónsstaða síðsumars 2020. Um 10 m austan við hleðsluna 01, í sama hvammi er greinilegur, upphlaðinn vegur 02. Hann er upphlaðinn í deiglandum hvamminu en framhald hans er ruddur slóði bæði til norðurs og suðurs frá hvamminum. Vegurinn liggur víða um eða utan í melum á og er þar er hann 1-2 m breiður skorningur. Þar sem hann liggur yfir nyrðri melinn, áður en komið er að hvamminum, liggur hann fram hjá gryfju í melinn sem líklega hefur verið nýtt sem efnisnáma. Sá partur sem er upphlaðinn er um 20 m langur. Hann er alveg grasi gróinn, 2-2.5 m á breidd og 0.4 m á hæð, flatur í toppinn. Svólítill hvönn vex við hann og víðir í honum á einum stað. Frá upphlöðnum kafla liggur vegslóðinn til NNA í átt að núverandi vegi en hugsanlegt framhald hans er ofan við núverandi þjóðveg og virðist þar víða hægt að sjá óljós ummerki um veg/götur en þau eru þó ógreinileg vegna trjágróðurs. Ofan við upphlaðinn eru nokkrar línur ofan hans í trjáræktinni. Þær gætu hugsanlega verið reiðgötur (frekar en plógför vegna skógræktar) en eru of illa farnar til að hægt sé að fullyrða um það. Vegurinn er greinilegur á kafla í hliðinni ofan við núverandi veg en neðan við skógrækt. Hugsanlegt er að hann tengist einungis þeirri skógrækt sem hófst á svæðinu um miðja 20. öld en erfitt að útiloka að þarna hafi legið götur áður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-154:027 tóft hlutverk óþekkt

517766 590451

Einföld, aflöng tóft er um 22 m ofan eða vestan við þjóðveg um Skíðadal en 25 sunnan við vegslóða að sumarbústöðum skammt norðan Þverár. Tóftin er innan þess svæði sem telja má heimatún Þverár en veggir tóftarinnar eru stæðilegir og virðist vera yngri en garðlögin sem marka af býlið. Ekki er því ólíklegt að hún tilheyri yngra byggingarstigi á þessum stað og gæti verið frá síðari tíma

nýtingu Kónsstaða á svæðinu, þótt ekkert sé hægt um það að fullyrða.



Uppmæld tóft EY-154:027 til vinstri en á hægri mynd er horft yfir tóftina sem er á kafl í trjágróðri



Tóft

EY-154:027 úr lofti. Eins og sjá má er tóftin illgreinanleg vegna trjágróðurs

Deiglent er umhverfis tóftina og í vegg hennar og umhverfis þá hefur verið plantað öspum og öðrum trjátegundum sem veldur því að nokkuð erfitt er að átta sig á umfangi hennar. Sjálf tóftin er vaxin elftingu.

Tóftin er um 9.5 X 6.2 m stór og snýr norður-suður. Hún virðist hugsanlega hafa verið opin til norðurs eða op á norðurvegg. Bæði norðan og sunnan við tóftina er þýfi á um 2 m kafla og er hugsanlegt að þar hafi verið hólf eða heystæði. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en hún er nokkuð stæðileg. Veggir hennar eru allt að 1.1 m á hæð og 1.2 m á breidd og virðist hún yngri en garðlögin sem skráð voru umhverfis Þverárkot.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Úttektarsvæði það sem deiliskráð var haustið 2020 er um 14 ha stórt. Það er nyrst í landi Kóngsstaða, við Þverá í Skíðadal. Lítið er vitað með vissu um landnám þessa svæðis og sögu og sú mynd sem fæst af sögu svæðisins með því að kanna fornar heimildir er ófullkomin.² Í Svarfdælasögu segir svo frá landslagi í utanverðum Skíðadal: „Mörk var svá þykk upp frá Tungunni, at aldri var rjóðr í“.³ Slíkt land hefur verið erfiðara að byggja en engjaflæmin meðfram Svarfaðardalsá og má ætla að það hafi ekki gerst fyrr en byggð var orðin föst í sessi á hinum opnari svæðum og byggð þar því þróast með öðrum hætti en í utanverðum Svarfaðardal. Í Skíðadal varð því að öllum líkindum til byggðarkjarni sem líklega hefur verið ívið yngri en utar í Svarfaðardal. Til marks um það má benda á að í Skíðadal standa bæir allir með löngu og alljöfnu millibili, yfirleitt 1 km eða meir, en utar er byggðin mun þéttari. Hin strjála, reglulega bæjarröð bendir annars vegar til að landgæði hafi verið minni og hvert bú þurft meira rými og hins vegar til þess að um skipulagða byggð geti verið að ræða. Lítil nákvæmni er í frásögn Landnámabókar af landnámi í Skíðadal. Samkvæmt Svarfdælu kom Ljótólfur fyrstur landnámsmanna í Svarfaðardal og nam land á Hofi, utarlega í dalnum austanverðum.⁴ Ljótólfur goði hefur væntanlega numið allan austanverðan Svarfaðardal og Skíðadal. Mögulega hafa verið til sagnir um sjálfstæð eða tengd landnám víðar t.d. í Skíðadal. Landnámabók getur Skíða í Skíðadal⁵ og í Svarfdælasögu er Skíði talinn þræll og látinn þiggja Skíðadal allan af Ljótólfi á Hofi og bústaður hans kallaður Möðruvellir en bær með því nafni er ekki þekktur í dalnum.⁶ Þessi brot virðast benda í þá átt að til hafi verið arfsagnir um sjálfstætt landnám í Skíðadal sem hafa síðan fallið í skuggann af sögnum um landnám frægari manna utar í Svarfaðardal. Greinileg þungamiðja alls dalsins eru Músstaðir sem metnir voru á 60 hundruð. Svo virðist sem bæirnir innan við Músstaði hafi byggst síðar, og fyrir áhrif Valla enda tilheyrðu þeir allir Vallakirkju. Vera má að fremri hluti dalsins, einkum að vestanverðu, hafi byggst að undirlagi Músstaðamanna, en þeir hafi þó orðið að lúta í lægra haldi fyrir Vallamönnum sem greinilega hafa snemma átt mikil ítök í Skíðadal – svo mikil að ekki er hægt að útiloka að dalurinn framan við Þverá hafi frá öndverðu tilheyrt Völlum og byggðapróun verið skipulögð þaðan. Ljóst er að landgæði í innanverðum Skíðadal hafa verið lakari en utar í Svarfaðardal og því hefur byggðarþróun verið

² Samantektin um ritheimildir byggir að hluta á umfjöllun um sama efni í aðalskráningarskýrslu, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002.

³ ÍF X, 186-87

⁴ ÍF I

⁵ ÍF I, 246, 247

⁶ ÍF IX, 162-63, 186-87

breytingum undiropin og það farið eftir árferði hversu margar jarðir voru í byggð. Vellir höfðu mest ítök í dalnum um margra alda skeið og áttu t.d. bæði Kóngsstaði og býlið Þverá um aldir.

Deiliskipulagsreiturinn sem kannaður var haustið 2020 er fjarri heimatúni Kóngsstaða. Reiturinn nær hins vegar yfir stærstan hluta heimatúns býlisins Þverár sem líklega hefur byggst úr landi Kóngsstaða en var þó sjálfstætt lögbýli á fyrri öldum. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 kemur fram að þá sé býlið í eyði og það virðist ekki hafa byggst aftur eftir það. Samkvæmt Jarðabókinni hafði býlið þá fremur nýlega fallið í eyði (um 1692) en var í byggð þar á undan „so lengi menn til muna og þeirra feður“. Ekkert er vitað um hvenær byggð hefst á þessum stað en umfang garðlaganna sem skráð voru gæti bent til að það hefði verið á fyrstu öldum. Samkvæmt Jarðabókinni „mátti ekki aftur byggja“ í Þverárkoti þar sem túnið var fordjarfað af grjótaburði úr Þverá og að hluta uppblásið í hrjóstur og að auki voru útslægjur engar. Þetta landsvæði var í upphafi 18. aldar nýtt af Kóngsstaðabónda þrátt fyrir að það sé þá enn í eigu Valla og féll að lokum (aftur) inn í jarðareign Kóngsstaða. Á síðari öldum má ætla að þarna hafi verið einhver útbeitt og er hugsanlegt að tóft EY-154:027 sé tengd þeirri nýtingu. Að öðru leyti en þessu er lítið vitað um nýtingu lands á þessum slóðum á fyrri öldum. Um miðja 20. öld urðu talsverðar breytingar á landnýtingu Kóngsstaða þegar jörðin féll í eyði og þar hófst skógrækt.

Landsbættir á úttekarsvæði

Deiliskipulagsreiturinn er í 110-120 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er í halla til austurs og nær yfir svæði sem var lyngivaxinn mói að hluta en að hluta til skógrækt. Allra næst ánni eru lítil tún sem ræktuð voru um miðbik aldarinnar, þar sem býlið Þverárkot var áður.

Gróðurfar á svæðinu hefur tekið nokkrum breytingum frá því á fyrri öldum en býlið Þverárkot fer í eyði á þessum slóðum í lok 17. öldar vegna grjótaburðar úr Þverá og uppblásturs. Nú er allt svæðið gróið og talsverður skógur á hluta þess. Upphaf skógræktar á svæðinu má rekja til

eiganda hennar rétt fyrir miðja 20. öld. Þá var jörðin í eigu Jóhanns Jóhannssonar í Sogni á Dalvík sem var mikill áhugamaður um ræktun og skógrækt en ábúandi var þá Óskar Júlíusson. Jóhann taldi að á þessum slóðum væru ákjósanleg skilyrði fyrir skógrækt en á svæðinu voru þá nokkrar leifar af skógi sem þó var á undanhaldi vegna beitar. Úr varð að hann gerði samning við Skógræktarfélag Eyfirdinga um leigu á landi til skógræktar.⁷ Upphaflega var skógræktin 25 ha að stærð en síðar var



Nokkrar yfirlitsmyndir sem sýna landslag og gróðurfar innan úttektarsvæðis

bætt við stóru svæði þannig að samanlögð stærð skógræktarinnar varð 60 ha. Skógræktin hófst með girðingagerð strax árið 1942 og var Ármann Sigurðsson bóndi á Urðum verkstjóri fyrir hönd Skógræktarinnar. Hann vann að skógræktinni ásamt Óskari Júlíussyni ábúanda sem svo eignaðist jörðina 1953. Talsvert var plantað af skógarfuru og sitkagreni á svæðinu en einnig rauðgreni, blágreni og stafafuru og síðar lerki. Skógrækt Eyjafjarðar afsalaði sér öllu tilkalli til svæðisins 1976 og tóku þá eigendur jarðarinnar þeir Óskar Júlíusson og Aðalsteinn Óskarsson við landinu aftur.⁸

⁷ „Kónsstaðaháls í Skíðadal“ 1980, 3

⁸ „Kónsstaðaháls í Skíðadal“ 1980, 3



6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Samtals voru skráðar fimm fornleifar á þremur minjastöðum innan deiliskipulagsreits haustið 2020. Allra syðst á úttektarsvæðinu, vel utan þess svæðis sem ráðgert er fyrir sumarbústaðalóðir, var skráð hleðsla (garðlag) og upphlaðinn vegspotti sem virtist hluti af mun lengri leið (EY-154:026). Samkvæmt Snjólaugu Aðalsteinsdóttur, heimildamanni voru bæði mannvirkin líklega gerð í tengslum við fyrstu skógrækt á svæðinu í kringum 1942. Samkvæmt því teljast þau ekki til fornleifa í laganna skilningi (sem miðar við mannvirki 100 ára og eldri) þótt þau séu vissulega bæði hlaðin að fornri hleðsluhefð og hafi eitthvert gildi sem slík. Aðrar skráðar fornleifar voru í og við hið forna býli Þveráarkot (EY-154:010), við Þverá. Ekki er vitað hvenær fyrst var byggt á þessum slóðum en garðlögin sem fundust við vettvangsrannsóknir 2020 benda til að byggðin gæti verið nokkuð forn. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712 var bærinn lögbýli um langt skeið en lagðist í eyði seint á 17. öld. Ekki er vitað til þess að þar hafi verið búið eftir þann tíma. Lítið er vitað um umfang minja í Þveráarkoti en samkvæmt heimildamönnum voru einhverjar tóftir sléttadar út þegar tún voru gerð á þessum slóðum um miðbik 20. aldar og eru enn menn á lífi sem telja sig mun staðsetningu tófta á þessum slóðum gróflega (s.s. Árni Óskarsson og Ingvi Eiríksson frá Þverá). Þarna eru nú tún að hluta og má vera að þar leynist minjar undir sverði þótt í raun sé ekki hægt að sjá vísbendingar um slíkt af yfirborðsummerkjum. Við skráningu fundust hins vegar talsverðar leifar vallargarðs eða stór hluti þess sem hefur verið suðurhlið garðsins (þó horfin undir bústaði og í skógrækt að hluta) og einnig talsverður hluti vesturhliðar að Þverárgili. Líklega hefur austurhlið garðsins verið skammt austan við þjóðveg um Skíðadal og utan við mörk úttektarsvæðis en Þverá hefur markað af svæðið til norðurs. Sambyggt túngarði var e.k. gerði eða tóft (EY-154:010_02) austarlega við suðurhlið garðsins. Auk þessara ummerkja var skráð stök tóft innan garðs sem er á kafi í trjágróðri og í raun í mun meiri hættu af þeim sökum en nokkrum þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar vegna sumarbústaðabygðar. Tóftin er einföld og veggir hennar nokkuð stæðilegir sem bendir til að hún kunni að vera yngri en vallargarðurinn og e.t.v. fremur ummerki um seinni tíma nýtingu frá Kóngsstöðum heldur en að hún samtíða býlisminjum. Um þetta er þó ekkert vitað en tóftin er utan byggingareita og ætti því e.t.v. fremur að teljast í hættu en stórhættu vegna framkvæmda - en við skráninguna var fylgt þeirri meginreglu að telja allar minjar innan marka deiliskipulagsreits í stórhættu vegna framkvæmda líkt og er almennt verklag hjá Fornleifastofnun Íslands.

Talsvert rask hefur átt sér stað innan marka deiliskipulagsreitsins frá því um miðja 20. öld. Auk þess sem tún voru sléttuð á hluta svæðis var hafin skógrækt og ýmsum trjám plantað innan og utan við gamla túnstæðið. Þar var byggður bústaður 1967-68 og síðan hafa bæst við tveir bústaðir og vegur lagður vegur að þeim. Tveir af bústöðunum, Birkihlíð og Birkimelur, voru byggðir á vallargarði býlsins (suðurhlið) en sá þriðji er utan garðs. Þrjár af lóðunum sex sem nú er ráðgert að bæta við á

Þessum slóðum eru innan vallargarðsins en tvær syðstu lóðirnar eru utan hans þar sem engar fornleifar eru þekktar. Varðandi lóðirnar þrjár sem eru innan vallargarðs er tilefni til að ítreka að gætilega sé farið við framkvæmdir þó rétt sé að undirstrika að ekki eru þekktar minjar innan þeirra. Allra nyrstu lóðirnar þrjár eru í talsvert miklum halla, á svæði sem ekki getur talist líklegt byggingarland til forna. Að því sögðu er rétt að ítreka að innan túns á fornum lögbýlum er að öllu jöfnu talin margföld hætta á að rekast á áður óþekktar minjar heldur en utan þeirra.

Ljóst er að fara verður varlega í allar frekari fyrirætlanir um uppbyggingu innan vallargarðs Þverár og hana verður að gera í samvinnu við Minjastofnun Íslands sem getur gefið fyrirmæli og ráðleggingar í þessum efnum og mun skera úr um hvort uppbyggingaráform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum.

Heimildaskrá

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi. 1993. Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon, & Óskar Þór Halldórsson (ritstj.) Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVII: Fornleifar í Skíðadal frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Söku*. Fjölrit númer FS168-99093. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: *Íslensk fornrit I*. Reykjavík.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. 1847. Kaupmannahöfn: útgefanda ekki getið.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

“Kóngsstaðaháls í Skíðadal” Grein eftir Aðalsteinn Óskarsson. *Norðurslóð*, 3. tbl. 1980, birtist 27.03.1980.

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Ö-Svarf: *Örnefnaskrá Svarfaðardals*, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Svarfaðardalur.

Loftmyndir ehf:


Loftmynd frá Loftmyndum ehf apríl 2019.

Heimildamenn:


Snjólaug Ósk Aðalsteinsdóttir og Þorsteinn S. Pétursson, Birkihlíð, Kóngsstaðalandi. Viðtal tekið haustið 2020.

Árni Óskarsson fæddur 21. janúar 1934 á Kóngsstöðum. Viðtal tekið vegna aðalskráningar 2001.

Samtala	X	Y
EY-154:010_02	517743	590390
EY-154:010_03	517673	590452
EY-154:010_04	517647	590474
EY-154:010_05	517612	590506
EY-154:010_06	517601	590601
EY-154:026_01	517709	589853
EY-154:026_02	517717	589848
EY-154:027	517766	590451
EY-1540:10_01	517692	590433



MINJAKORT



Yfirlitskort sem sýnir minjar á deiliskráningarreitnum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.